

Garðabær 30.sept 2019

Berist til: Bæjarstjórnar Garðabæjar**Erindi:** Beiðni fyrir vökvunarkerfi á Samsungvöll.


Í erindi þessu óska ég fyrir hönd UMF Stjörnnunnar að sett verði upp vökvunarkerfi við Samsungvöllinn. Upphaflega var rætt um að þessar framkvæmdir ættu að fylgja nýju gervigrasi sem var lagt á völlinn vorið 2018 en vegna skamms tímaramma (pepsi deildin að byrja) var ekki hægt að fylgja þeim framkvæmdum eftir þrátt fyrir að samþykkt hafi verið í fjárhagsáætlun haustið áður fjárframlag í verkefnið.

Í dag eru allir nýjir gervigrasvöllir með slíku kerfi, má þar t.d nefna nýja Fylkisvöll, æfingavöll Valsmanna og nýjan keppnisvöll á Dalvík. Ljóst er að við erum að dragast aftur úr í gæðum á þessu sviði en Garðabær var og hefur verið öðrum félögum og sveitafélögum fyrirmynd í þessum efnum undanfarin ár.

Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er á bilinu 8-10 milljónir. Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur hefur ásamt Valdemari Einarssyni, vallarstjórastjóra, skoðað kerfin hjá félögunum í kringum okkar og gæti gefið nánari lýsingar á umgjörð og kostnaði.

Með von um góðar undirtektir

Fyrir hönd UMF Stjörnnunnar



Ása Inga Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri UMF Stjarnan

stjarnan@stjarnan.is
bokhald@stjarnan.is

+354 565 1940

Stjörnuheimilinu v/ Ásgarð
210 Garðabær, Ísland